

Skýrsla

samgönguráðherra um framkvæmd flugmálaáætlunar 1998.

(Lögð fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN OG GJÖLD

1.1. Flugmálaáætlun.

Samkvæmt þingsályktun um flugmálaáætlun fyrir árið 1998 eru áætlaðar heildartekjur vegna flugmálaáætlunar ársins 582 millj. kr. sem skiptast þannig:

Flugvallagjald	540 millj. kr.
Eldsneytisgjald	20 millj. kr.
Umframtekjur frá fyrra ári	22 millj. kr.
Samtals	582 millj. kr.

Sú breyting varð á lögum nr. 31/1987, um flugmálaáætlun, að frá og með júní 1998 var eldsneytisgjald af flugvélaeldsneyti fellt niður.

Gjöld samkvæmt flugmálaáætlun ársins 1998 eru jafnframt 582 millj. kr. og skiptast á eftirfarandi hátt:

Til rekstrar flugvalla	167 millj. kr.
Flugstöð Leifs Eiríkssonar	42 millj. kr.
Reykjavíkurflygvöllur	29 millj. kr.
Aðrir flugvellir o.fl.	344 millj. kr.
Samtals	582 millj. kr.

Tekjur. Heildartekjur ársins 1998 urðu í raun 582 millj. kr., sama upphæð og áætlunin gerði ráð fyrir, en í áætluninni voru umframtekjur frá fyrra ári 22 millj. kr. þannig að í reynd eru tekjur umfram áætlun ársins 22 millj. kr.

Þegar borin er saman áætlun og rauntekjur ársins 1998 af þeim tveimur tekjustofnum sem flugmálaáætlun hefur kemur fram eftirfarandi:

Tafla 1. Samanburður á áætlun og tekjum (millj. kr.).


	Áætlun	Rauntekjur	Breyting
Flugvallagjald	540	565	4,6%
Eldsneytisgjald	20	17	-15,0%
Samtals	560	582	3,9%

Samkvæmt framanskraðu varð 3,9% raunaukning á tekjum flugmálaáætlunar árið 1998. Eftirfarandi tafla og mynd sýna þróun tekna flugmálaáætlunar milli árunna 1995 og 1998:

Tafla 2. Þróun tekna flugmálaáætlunar 1995–98 (þús. kr.).


	1995	1996	1997	1998
Flugvallagjald, utanlandsflug	353.044	439.759	435.991	495.370
Flugvallagjald, innanlandsflug	54.904	60.443	62.332	69.515
Eldsneytisskattur	42.978	52.792	51.793	16.927
Samtals	450.926	552.994	550.116	581.812

Mynd 1. Tekjur flugmálaáætlunarinnar 1995–98 (þús.kr.).



Þegar skoðuð er dreifing tekna af flugvallagjaldi ársins 1998 eftir mánuðum í innanlandsflugi annars vegar og utanlandsflugi hins vegar kemur fram eftirfarandi:

Mynd 2. Dreifing tekna af flugvallagjaldi eftir mánuðum (þús. kr.).




Flugfarþegar greiða flugvallagjöldin og má því einnig sjá dreifingu farþega af þessu súluriti. Eins og fram kemur voru farþegar í innanlandsflugi flestir í júlí, en utanlandsflugi í ágúst.

Súluritið sýnir einnig glögg tve lítill hluti tekna af flugvallagjaldi kemur frá innanlandsfluginu.

Eins og áður er getið var eldsneytisgjald af flugvélaeldsneyti felld niður frá og með 1. júní 1998, sbr. lög nr. 56/1998, um breyting á lögum um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, til þess að jafna samkeppnisskilyrði í flugi.

Mynd 3. Tekjur flugmálaáætlunar af eldsneytisgjaldi 1995–98 (þús. kr.).



Gjöld. Útgjöld vegna flugmálaáætlunar ársins 1998 voru eftirfarandi:

Tafla 3. Útgjöld flugmálaáætlunar 1998 (millj. kr.).

	Áætlun	Útgjöld	Breyting
Til rekstrar	167	167	0,0%
Flugstöð Leifs Eiríkssonar	42	42	0,0%
Reykjavík, framkvæmdakostnaður	29	14	-51,7%
Aðrir flugvellir o.fl.	344	338	-1,7%
Samtals	582	561	-3,6%

Skýringar á útgjöldum koma fram í næsta kafla um skiptingu útgjalda.

2. SKIPTING ÚTGJALDA

Á árinu 1998 urðu útgjöld vegna flugmálaáætlunarinnar þannig að til framkvæmda á inn-
anlandsflugvöllum var varið 204 millj. kr., eða um 36%. Til reksturs flugvalla fóru 167 millj.
kr., eða tæp 30%. Flugstöð Leifs Eiríkssonar fékk 42 millj. kr. af flugmálaáætluninni, eða
7,5%. Til flugumferðar- og flugleiðsögubúnaðar var varið 93 millj. kr., eða 16,6%, og í
tækjakaup fóru 36 millj. kr., eða 6,5%. 19 millj. kr. var svo varið í ýmis önnur verkefni, svo
sem til annarra flugvalla og landingarstaða og í stjórnunarkostnað.

Eftirfarandi töflur sýna útgjöld flugmálaáætlunar eftir verkefnaflokkum annars vegar og
umdæmum hins vegar:

Tafla 4. Skipting útgjalda 1998 eftir verkefnaflokkum (millj. kr.).

Verkefnaflokkar	Til framkvæmda	Framkvæmda- kostnaður	Hlutfall
Flugbrautir og hlöð	67,3	53,8	9,6%
Byggingar	92,2	86,0	15,3%
Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	66,0	64,0	11,4%
Flugumferðar- og flugleiðsögubúnaður	120,7	93,0	16,6%
Annar kostnaður	73,3	55,3	9,8%
Flugstöð Leifs Eiríkssonar	42,0	42,0	7,5%
Til reksturs flugvalla	167,0	167,0	29,8%
Samtals	628,5	561,1	100,0%

Tafla 5. Skipting útgjalda 1998 eftir umdæmum (millj. kr.).

Umdæmi og verkefni	Til framkvæmda	Framkvæmda- kostnaður	Hlutfall
Umdæmi 1, Suður- og Vesturland	24,4	12,2	2,2%
Umdæmi 2, Vestfirðir	78	79,3	14,1%
Umdæmi 3, Norðurland	64,3	69,4	12,4%
Umdæmi 4, Austurland	28,7	29,1	5,2%

Umdæmi og verkefni	Til framkvæmda	Framkvæmda-kostnaður	Hlutfall
Reykjavík	30,1	13,8	2,4%
Flugumferðar- og flugleiðsögubúnaður	120,7	93,0	16,6%
Annar kostnaður	73,3	55,3	9,8%
Flugstöð Leifs Eiríkssonar	42,0	42,0	7,5%
Til reksturs flugvalla	167,0	167,0	29,8%
Samtals	628,5	561,1	100,0%

3. FLOKKUN FLUGVALLA OG ÞRÓUN FLUTNINGA

Samkvæmt núgildandi þingsályktun um flugmálaáætlun eru áætlunarflugvellir flokkaðir eftir því hve miklir flutningar eru um flugvöllina, þ.e. samanlagður meðalþungi farþega og farangurs ásamt vörum og pósti. Áætlunarflugvellirnir eru flokkaðir á eftirfarandi hátt:

Tafla 6. Flokkun áætlunarflugvalla.

Áætlunarflugvellir I	Áætlunarflugvellir II	Áætlunarflugvellir III
Reykjavík	Bíldudalur	Mývatn
Akureyri	Siglufjörður	Hólmavík
Vestmannaeyjar	Patreksfjörður	Raufarhöfn
Egilsstaðir	Vopnafjörður	Gjögur
Ísafjörður	Grimsey	Kópasker
Hornafjörður		Þingeyri
Húsavík		Þórshöfn
Sauðárkrókur		

Á undanförunum árum hefur áætlunarflugvöllum fækkað verulega. Frá því að núgildandi þingsályktun um flugmálaáætlun var samþykkt hefur áætlunarflugi til Hólmavíkur, Raufarhafnar og Kópaskers verið hætt. Við endurskoðun á flugmálaáætlun hefur sú regla gilt að þeir flugvellir sem hætt hefur verið áætlunarflugi til flokkist undir þjónustuflugvelli.


Þingeyrarflugvöllur er varþjónustuflugvöllur fyrir Ísafjarðarflugvöll og er því ekki beinlínis skilgreindur sem áætlunarflugvöllur.

Nú eru áætlunarflugvellir í innanlandsflugi 16 talsins en fyrir níu árum voru þeir 31. Þeim hefur því fækkað um tæp 50% samhliða því sem farþegum sem fara um áætlunarflugvöllina hefur fjölgað um 31,5%, sjá eftirfarandi töflu og súlurit:

Tafla 7. Áætlunarflugvellir, farþegaflutningar.


Flugvellir	1990	Hlutfall	1998	Hlutfall	Breyting
Áætlunarflugvellir I	641.097	92,0%	890.101	97,1%	38,8%
Áætlunarflugvellir II	24.296	3,5%	19.372	2,1%	-20,3%
Áætlunarflugvellir III	9.786	1,4%	7.423	0,8%	-24,1%
Fyrrverandi áætlunarflugvellir	21.820	3,1%	0	0,0%	
Samtals	696.999	100,0%	916.896	100,0%	31,5%

Eins og taflan sýnir fóru 97,1% af farþegaflutningum á árinu 1998 um áætlunarflugvelli í flokki I. Þegar skoðaðir eru farþegaflutningar sem fóru um fimm stærstu innanlandsflugvelli á árinu 1998, þ.e. Reykjavíkur-, Akureyrar-, Vestmannaeyja-, Egilsstaða- og Ísafjarðarflugvelli, kemur í ljós að 834.432 farþegar fóru um þessa flugvelli, eða 91% af heildarfarþegaflutningunum.



Mynd 4. Flugleiðir innan lands.

Mynd 5. Heildarfarþegaflutningur 1990–98.
(Keflavíkurflugvöllur ekki meðtalinn, Bakkaflugvöllur meðtalinn árið 1998.)



Flutningarnir hafa því flust frá minni flugvöllum yfir á þá stærri þar sem hærri tíðni hefur haft afgerandi áhrif. Hvort þessi þróun heldur áfram er mjög erfitt að spá um, en þó má ætla að eftir því sem vegakerfið batnar innan ákveðinna svæða aukist áfram farþegaflutningar um þá flugvelli sem hafa hærri tíðni flugs og áreiðanleika á kostnað hinna. Sem dæmi má nefna Akureyrarflugvöll/Húsavíkurflugvöll, Sauðárkróksflugvöll/Siglufjarðarflugvöll og Bíldudalsflugvöll/Patreksfjarðarflugvöll.

Þeir flugvellir sem ekki er stundað áætlunarflug til falla undir flokkinn Aðrir flugvellir og landingarstaðir sem síðan skiptast í fimm undirflokkar:

Undirflokkar	Fjöldi
A. Þjónustuflygvellir	13
B. Aðrir flugvellir	15
C. Sportflugvellir	5
D. Landingarstaðir	20
E. Landingarstaðir í eigu og umsjá annarra en FMS	8
Samtals	61

Tafla 8. Sundurliðun á fjármagni og farþegaflutningi milli flugvallaflokka 1998 (millj. kr.).

Flugvallaflokkur	Til framkvæmda	Frankvæmda-kostnaður	Hlutfall	Farþegaflutningar	Hlutfall
Áætlunarflugvellir 1	163,4	145,5	69,9%	890.101	95,3%
Áætlunarflugvellir 2	24,7	19,8	9,5%	19.372	2,1%
Áætlunarflugvellir 3	37,4	38,5	18,5%	7.749	0,8%
Aðrir flugvellir og landingarstaðir	10,0	4,4	2,1%	17.197	1,8%
Samtals	235,5	208,2	100,0%	934.419	100,0%

Ekki má draga of sterkar ályktanir af hlutfallstölum þessarar töflu þar sem flugvellir innan hvers flokks eru komnir misjafnlega langt í uppbyggingunni. Flugvöllur með litla farþega-

flutninga þarf samt sem áður að uppfylla mjög strangar öryggiskröfur í samræmi við staðla og tilmæli Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

Eftirfarandi töflur sýna breytingu sem orðið hefur á farþegaflutningum milli áronna 1990 og 1998:

Tafla 9. Áætlunarflugvellir I, farþegaflutningar.

Flugvellir	1990	Hlutfall	1998	Hlutfall	Breyting
Reykjavík	306.627	47,8%	440.585	49,5%	43,7%
Akureyri	120.877	18,9%	181.234	20,4%	49,9%
Vestmannaeyjar	71.962	11,2%	83.660	9,4%	16,3%
Egilsstaðir	50.900	7,9%	72.652	8,2%	42,7%
Ísafjörður	41.407	6,5%	56.301	6,3%	36,0%
Hornafjörður	16.188	2,5%	20.499	2,3%	26,6%
Húsavík	18.510	2,9%	18.449	2,1%	-0,3%
Sauðárkrókur	14.626	2,3%	16.721	1,9%	14,3%
Samtals	641.097	100,0%	890.101	100,0%	38,8%

Tafla 10. Áætlunarflugvellir II, farþegaflutningar.

Flugvellir	1990	Hlutfall	1998	Hlutfall	Breyting
Bíldudalur	5.080	13,4%	8.304	42,9%	63,5%
Siglufjörður	5.574	14,7%	3.487	18,0%	-37,4%
Patreksfjörður	6.182	16,3%	1.817	9,4%	-70,6%
Vopnafjörður	3.822	10,1%	2.789	14,4%	-27,0%
Grimsey	3.638	9,6%	2.975	15,4%	-18,2%
Fyrirverandi áætlunarflugvellir	13.682	36,0%	0	0,0%	
Samtals	37.978	100,0%	19.372	100,0%	-49,0%

Tafla 11. Áætlunarflugvellir III, farþegaflutningar.

Flugvellir	1990	Hlutfall	1998	Hlutfall	Breyting
Mývatn	1.318	7,4%	2.977	40,1%	125,9%
Gjögur	765	4,3%	587	7,9%	-23,3%
Þingeyri	5.867	32,7%	1.843	24,8%	-68,6%
Þórshöfn	1.836	10,2%	2.016	27,2%	9,8%
Fyrirverandi áætlunarflugvellir	8.138	45,4%	0	0,0%	
Samtals	17.924	100,0%	7.423	100,0%	-58,6%

Eftirfarandi tafla sýnir farþegaflutninga sem fóru um áætlunarflugvöllina eftir landshlutum árið 1990 annars vegar og 1998 hins vegar og þær breytingar sem hafa orðið á farþegaflutningunum á umræddu tímabili (Bakkaflugvöllur meðtalinn 1998):

Tafla 12. Farþegaflutningar eftir landshlutum.

Landshluti	1990	Hlutfall	1998	Hlutfall	Breyting
Vesturland	3.785	0,5%	0	0,0%	
Vestfirðir	64.471	9,2%	68.923	7,4%	6,9%
Norðurland	173.590	24,9%	228.114	24,4%	31,4%
Austurland	76.564	11,0%	96.088	10,3%	25,5%
Suðurland	71.962	10,3%	100.709	10,8%	39,9%
Reykjavík	306.627	44,0%	440.585	47,2%	43,7%
Samtals	696.999	100,0%	934.419	100,0%	34,1%

4. SUNDURLIÐUN FRAMKVÆMDA

Framkvæmdir á flugvöllum skiptast í þrjú verkefnaflokka sem eru 1) flugbrautir og hlöð, 2) byggingar, 3) aðflugs- og flugöryggisbúnaður. Einstök verkefni falla svo undir hvern flokk á eftirfarandi hátt:

1. Flugbrautir og hlöð: Uppbygging flugbrauta, bundið slitlag, öryggissvæði, flughlað, bílastæði og lóð.
2. Byggingar: Flugstöð, farþegaskýli, tækjageymsla og sandgeymsla.
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður: Flugvallarlýsing og raforkukerfi.

Í flestum stærri verkefnum skiptist fjárveiting til einstakra verkefna á fleiri en eitt ár og þar af leiðandi verður framkvæmdatíminn í flestum tilfellum lengri en eitt ár. Í skýringum hér á eftir er gerð grein fyrir verkstöðu í árslok, hvort verkinu sé lokið eða áfram í framkvæmd. Þá er einnig gerð grein fyrir í töflum greiðslustöðu í árslok og í skýringum á þeim verkum sem lokið var við á árinu, hvort um er að ræða inneign eða skuld.

Á árinu 1998 var unnið að 44 framkvæmdaverkefnum auk tækjakaupa, eins og fram kemur í skýringum hér á eftir. Lokið var við 25 verkefni á árinu 1998.

Uppbygging áætlunarflugvallanna er mjög misjafnlega langt á veg kominn. Á undanförunum árum hefur verið lögð áhersla á að setja bundið slitlag á flugbrautirnar og þá notast við klæðningu sem dugar í sjö til átta ár en þá þarf að setja nýtt yfirlag. Af sextán áætlunarflugvöllum eru aðeins tveir eftir með malarlitlagi, þ.e. Grímseyjar- og Gjögurflugvellir.

Þá hefur á undanförunum árum einnig verið unnið að gagngerum endurbótum, stækkunum og skipulagsbreytingum í flugstöðvunum á Akureyri, Egilsstöðum, Ísafirði og í Vestmannaeyjum. Einnig hafa verið byggðar nýjar tækjageymslur í Vestmannaeyjum, á Húsavík, Sauðárkróki, Hornafirði og Gjögri. Enn fremur voru tækjageymslurnar á Egilsstöðum og Ísafirði stækkaðar.

Á næstu árum má búast við að aukin áhersla verði lögð á uppbyggingu hvers konar aðflugs- og flugöryggisbúnaðar. Birtustyrkur flugbrautalýsingar verður aukinn, akbrautalýsing verður aukin og bætt við aðflugsljósum. Einnig verða aðflugsstefnu- og aðflugshallasendar endurnýjaðir auk fjarskiptabúnaðar.

Eftirfarandi tafla sýnir stöðu hvers verkefnaflokks innan flugvallanna á árinu 1998. Í fremsta dálki er flugmálaáætlun ársins 1998 samkvæmt þingsályktun. Í öðrum dálki eru þær

breytingar sem orðið hafa frá fyrra ári, inneign eða skuld á viðkomandi verkefni eða aðrar tilfærslur. Í þriðja dálkinum kemur fram það fjármagn sem er til ráðstöfunar í einstakar framkvæmdir á árinu 1998. Fjórði dálkurinn sýnir framkvæmdakostnað ársins samkvæmt bókhaldi í árslok. Í fimmta dálki kemur svo fram greiðslustaða hvers verkefnaflokks í árslok 1998. Það ber að hafa í huga að verkefnum er oft ekki lokið í árslok og færast því fjármunir yfir á næsta ár og einnig að gerðar eru ýmsar skuldbindingar sem koma ekki til greiðslu fyrr en árið eftir.

Tafla 13. Sundurliðun framkvæmda 1998 (millj. kr.).

Staður Verkefnaflokkur	Flugmála- áætlun	Breyting	Til fram- kvæmda	Framkvæmda- kostnaður	Greiðslustaða í árslok
4.1 Reykjavík					
1. Flugbrautir og hlöð	29	1,1	30,1	13,8	16,3
4.2 Akureyri					
1. Flugbrautir og hlöð	5	-5,0	0,0	0,8	-0,8
2. Byggingar	9	-2,4	6,6	1,3	5,3
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	14	-7,0	7,0	8,4	-1,4
4.3 Vestmannaeyjar					
2. Byggingar	20	-0,8	19,2	8,4	10,8
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0	5,2	5,2	3,8	1,4
4.4 Egilsstaðir					
1. Flugbrautir og hlöð	18		18,0	23,9	-5,9
2. Byggingar	0		0,0	0,1	-0,1
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0		0,0	0,1	-0,1
4.5 Ísafjörður					
2. Byggingar	40	-4,8	35,2	49,2	-14,0
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0	7,8	7,8	6,1	1,7
4.6 Hornafjörður					
1. Flugbrautir og hlöð	0		0,0	0,5	-0,5
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	10		10,0	4,2	5,8
4.7 Húsavík					
1. Flugbrautir og hlöð	0		0,0	0,1	-0,1
2. Byggingar	20	0,3	20,3	22,4	-2,1
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	2		2,0	1,2	0,8
4.8 Sauðárkrúkur					
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	2		2,0	1,2	0,8
4.9 Bíldudalur					
1. Flugbrautir og hlöð	0		0,0	0,1	-0,1
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	9	8,0	17,0	18,7	-1,7
4.10 Grímsey					
2. Byggingar	7		7,0	0,3	6,7
4.11 Siglufjörður					
1. Flugbrautir og hlöð	0		0,0	0,4	-0,4
4.12 Þórshöfn					
1. Flugbrautir og hlöð	0		0,0	8,2	-8,2
2. Byggingar	0	0,1	0,1	0,3	-0,2
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	8	7,0	15,0	20,3	-5,3
4.13 Vopnafjörður					
1. Flugbrautir og hlöð	0	0,7	0,7	0,3	0,4
4.14 Hólmavík					
	0		0,0	0,0	

Staður Verkefnaflokkur	Flugmála- áætlun	Breyting	Til fram- kvæmda	Framkvæmda- kostnaður	Greiðslustaða í árslok
4.15 Þingeyri					
1. Flugbrautir og hlöð	15		15,0	0,1	14,9
4.16 Gjögur					
1. Flugbrautir og hlöð	3		3,0	5,1	-2,1
4.17 Mývatn					
1. Flugbrautir og hlöð	0	0,5	0,5	0,5	
2. Byggingar	4	-0,2	3,8	4,0	-0,2
4.18 Flugumferðar- og flugleiðsögubún-	69	51,7	120,7	93,0	27,7
4.19 Annar kostnaður	89	-15,7	73,3	55,3	18,0
4.20 Flugstöð Leifs Eiríkssonar	42		42,0	42,0	
4.21 Til reksturs flugvalla	167		167,0	167,0	
Samtals	582		628,5	561,1	67,4

4.1 Reykjavík.

4.1.1 Flugbrautir og hlöð.

Flugbraut. Á árinu 1998 var haldið áfram undirbúningi endurbóta á flugbrautum og hlöðum á Reykjavíkflugvelli, þ.e. hönnun, gerð útboðsgagna og frummataskýrslu. Almenna verkfræðistofan hf. hefur séð um hönnun og gerð útboðsgagna fyrir jarðvegsframkvæmdir, þ.e. uppbyggingu flugbrauta og slitlags. Verkfræðistofan hefur notið ráðgjafar sérfræðings í flugbrautarlitlögum frá AB Swedavia í Svíþjóð. Verkfræðistofan Rafhönnun hf., í samvinnu við starfsmenn Flugmálastjórnar, hefur séð um hönnun flugvallarlýsingar og annarra raforkukerfa. Þá hefur Verkfræðistofan Hönnun hf. haft yfirumsjón með gerð frummataskýrslu.

Á flugmálaáætlun árið 1998 voru 29,0 millj. kr. til ráðstöfunar í þetta verkefni en unnið var fyrir 12,4 millj. kr. á árinu og flyst mismunurinn til næsta árs en þá er fyrirhugað að hefja framkvæmdir við endurbæturnar.

Verkstaða: Í framkvæmd.

Girðing. Á árinu var einnig unnið áfram að endurbótum á girðingum.

Verkstaða: Í framkvæmd.

4.2 Akureyri.

4.2.1 Flugbrautir og hlöð.

Flughlað. Árið 1997 var hafist handa við stækkun flughlaðsins á Akureyrarflugvelli um 5.000 m², nýju malbiksyfirlagi bætt á eldra hlað og breikkun snúningsenda á flugbraut. Áætlaður kostnaður var 28,5 millj. kr. Verkinu lauk á árinu 1997, en á árinu 1998 er 5,0 millj. kr. fjárveiting til að greiða eftirstöðvar kostnaðar við verkið.

Malbiksútlögn var boðin út og bærust tvö tilboð. Tilboði lægstbjóðanda, Loftorku hf., var tekið, en malbikið var keypt frá Malbikunarstöð Akureyrarbæjar. Guðmundur Hjálmarsson, verktaki á Akureyri, sá um burðarlög og undirvinnu fyrir malbiksútlögn. Hönnun verksins sá Verkfræðistofa Norðurlands um, en Flugmálastjórn hafði eftirlit með höndum.

Verkstaða: Lokið.

Bílastæði og lóð. Á árinu 1997 var hafist handa við lokafrágang bílastæða og lóðar og lauk því verkefni á árinu 1998.

Verkstaða: Lokið.

4.2.2 Byggingar.

Flugstöð. Á árinu 1998 er 9,0 millj. kr. fjárveiting til endurbóta á flugstöðinni. Til að greiða eftirstöðvar skuldar frá árinu 1997 voru nýttar 2,4 millj. kr. Til framkvæmda voru því 6,6 millj. kr., en þess ber að geta að fjárveitingar til þessa verkefnis eru einnig á árunum 1999 og 2000. Á árinu var unnið að hönnun og öðrum undirbúningi fyrir 1,3 millj. kr. Þá voru 0,8 millj. kr. notaðar til að greiða skuld af verkefninu við bílastæði og lóð. Eftirstöðvarnar, 4,5 millj. kr., voru fluttar til framkvæmda árið 1999.

Arkitektastofan Grófargili og Verkfræðistofa Norðurlands sjá um hönnun verksins.

Verkstaða: Í framkvæmd.

4.2.3 Aðflugs- og flugöryggisbúnaður.

Brautarljós, endurnýjun. Þessu verkefni lauk ekki á árinu 1998. Á flugmálaáætlun voru 14,0 millj. kr. til þessa verkefnis. Á árinu var unnið fyrir 7,7 millj. kr. Unnið hefur verið að eftirfarandi verkþáttum: uppsetningu eltiljósa frá enda aðflugsljósa til Hvamms, uppsetningu ljósa á akstursbraut, endurnýjun reglna í flugbrautaljósum og hlaðlýsingu.

Á árinu 1998 voru 7,0 millj. kr. lánaðar á verkefnið 4.12.3 af fjárveitingunni sem greidd verður til baka, 5,0 millj. kr. árið 1999 og 2,0 millj. kr. árið 2000.

Verkstaða: Í framkvæmd.

Leiðarljós. Þessu verkefni lauk á árinu. Í árslok var 0,1 millj. kr. skuld á verkefninu. Skuldin verður greidd af liðnum Til leiðréttinga og brýnna verkefna.

Verkstaða: Lokið.

Veðurmaelibúnaður. Hér er um að ræða skýjahæðar- og skyggismæli og lauk verkefninu árið 1998. Í árslok var 0,5 millj. kr. skuld á verkefninu sem er greidd af liðnum Til leiðréttinga og brýnna verkefna.

Verkstaða: Lokið.

4.3 Vestmannaeyjar.

4.3.2 Byggingar.

Flugstöð. Á árinu 1998 var unnið að hönnun og undirbúningi vegna stækkunar og endurbóta á flugstöðinni. Fjárveiting samkvæmt flugmálaáætlun var 20,0 millj. kr. sama ár. Verkið felur í sér u.þ.b. 200 m² viðbyggingu þar sem verður nýr komusalur og verulegar skipulagsbreytingar í brottfararsal, ásamt endurbótum á þaki. Verkið var boðið út í nóvember síðastliðnum og voru tilboð opnuð í desember. Tvö tilboð bárust og var tilboði lægstbjóðanda, Steina og Olla ehf., tekið. Hönnun verksins er í höndum Teiknistofunnar Ármúla 6 í Reykjavík og Teiknistofu Páls Zóphóníassonar, Vestmannaeyjum.

Framkvæmdakostnaður var 8,2 millj. kr. á árinu og fólst í ýmsum undirbúnings- og hönnunarkostnaði og byggingarleyfisgjöldum. Ljóst er að kostnaður vegna þessa verkefnis verður mun hærri en gert var ráð fyrir í fjárveitingum á flugmálaáætlun árin 1998 og 1999, enda lá ekki fyrir endanleg kostnaðaráætlun vegna verkefnisins þegar áætlunin var í vinnslu.

Verkstaða: Í framkvæmd.

Tækjageymsla. Lokið var á árinu byggingu tækjageymslu á Vestmannaeyjaflugvelli. Í árslok var 0,2 millj. kr. skuld á verkinu sem greiðist af liðnum Til leiðréttinga og brýnna verkefna.

Verkstaða: Lokið.

4.4 Egilsstaðir.

4.4.1 Flugbrautir og hlöð.

Bílastæði og lóð. Þetta verk var boðið út í maí 1998 og lauk í október sama ár. Verkið var skorið nokkuð niður frá upphaflegri hönnun þar sem fyrirséð var að fjárveiting af flugmálaáætlun ársins, 18,0 millj. kr., mundi ekki duga. Raunkostnaður við þennan fyrsta áfanga varð 22,6 millj. kr. og greiðist mismunurinn af fjárveitingunni til varnargarða á árinu 1999 og af liðnum Til leiðréttinga og brýnna verkefna. Þess ber að geta að framkvæmdum við varnargarða er að mestu lokið.

Verktakar voru Vökvavélar ehf. og Malarvinnslan Egilsstöðum. Skipulagsupprátt vann Benjamín Magnússon arkitekt en um hönnun, eftirlit og útboðsgögn sá Verkfræðistofa Austurlands.

Verkstaða: Lokið.

Flugbraut. Hér er um að ræða ræktun og uppgræðslu á gömlu flugbrautinni samkvæmt samningi við Egilsstaðabændur um land undir nýja flugbraut. Engin fjárveiting var til verksins og greiðist kostnaðurinn, 1,3 millj. kr., af liðnum Til leiðréttinga og brýnna verkefna.

Verkstaða: Lokið.

4.5 Ísafjörður.

4.5.2 Byggingar.

Flugstöð. Á árinu 1997 var hafist handa við stækkun og endurbætur á flugstöðinni. Við framkvæmd verksins kom í ljós að gera þurfti mun meiri endurbætur en upphaflega var ráðgert. Þetta gerði verkið töluvert dýrara en áætlað hafði verið. Verkinu lauk í desember sl. en uppgjöri við verktaka var ekki lokið í árslok, m.a. vegna ágreinings um frágang á einstökum verkþáttum.

Teiknistofan Ármúla 6 Reykjavík sá um arkitektateikningar en útibú Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen sá um burðarþolsteikningar og aðrar verkfræðiteikningar. Verktaki var Naglinn ehf., Ísafirði sem átti lágsta tilboð. Eftirlit var í höndum Flugmálastjórnar með aðstoð hönnuða.

Kostnaður í árslok var 49,2 millj. kr. Mismunur, 14 millj. kr., var greiddur af liðnum Til leiðréttinga og brýnna verkefna.

Verkstaða: Í framkvæmd.

4.5.3 Aðflugs- og flugöryggisbúnaður.

Hindranalýsing. Hafist var handa við gerð hindranalýsingar í Kirkjubólshlíð og annarra framkvæmda vegna næturbrottflugs sumarið 1996. Þar sem hér er um að ræða nokkuð flókið verkefni sökum landslags, sem þarna eru mjög brattar hlíðar, hefur verkefnið tekið nokkuð langan tíma sem farið hefur í tilraunir og þróun. Verkinu var að mestu lokið í árslok 1998, en ljóst er að kostnaður verður mun lægri en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir.

Verkstaða: Lokið.

Veðurmælitæki. Hér er um að ræða sjálfvirka veðurstöð á Arnarnesi. Þessu verkefni lauk á árinu 1998. Í árslokauppgjöri er 0,3 millj. kr. skuld á verkefninu. Þessi skuld er greidd af inneign á verkefninu Ísafjörður, hindranalýsing.

Verkstaða: Lokið.

4.6 Hornafjörður.

4.6.1 Flugbrautir og hlöð.

Flugbraut. Á árinu voru gerðar nokkrar nauðsynlegar lagfæringar á flugbrautinni sem kostuðu 0,5 millj. kr. Þar sem fjárveiting fékkst ekki er gert ráð fyrir að þessi skuld verði tekin af liðnum Flugbrautir og hlöð árið 1999.

Verkstaða: Lokið.

4.6.3 Aðflugs- og flugöryggisbúnaður.

Aðflugsljós, norðurendi. Fjárveiting til þessa verkefnis var 10,0 millj. kr. á árinu. Hönnun er lokið og búið er að kaupa ljósin. Unnið var fyrir 3,9 millj. kr. á árinu og lýkur uppsetningu væntanlega á árinu 1999. Ljósin voru keypt frá fyrirtækinu OCEM á Ítalíu eftir að verð hafði verið kannað.

Verkstaða: Í framkvæmd.

Brautarljós. Þessu verkefni lauk á árinu. Í árslok var 0,2 millj. kr. skuld á verkefninu sem greiðist af liðnum Til leiðréttinga og brýnna verkefna.

Verkstaða: Lokið.

Aðflugsljós úr suðri. Þessu verkefni lauk árið 1998. Skuld í árslok, 0,1 millj. kr., er greidd af liðnum Til leiðréttinga og brýnna verkefna.

Verkstaða: Lokið.

4.7 Húsavík.

4.7.1 Flugbrautir og hlöð.

Öryggissvæði. Þessu verki lauk á árinu og er 0,1 millj. kr. skuld greidd af liðnum Til leiðréttinga og brýnna verkefna.

Verkstaða: Lokið.

4.7.2 Byggingar.

Tækjageymsla. Á árinu 1998 var hafist handa við byggingu 436 m² tækjageymslu á Húsavíkurflugvelli. Verkið var boðið út sumarið 1998. Lægstbjóðandi féll frá tilboði sínu og var því næstlægsta boði tekið að upphæð 31,5 millj. kr. Fjárveiting ársins var 20,0 millj. kr. Ákveðið var að nýta hluta tækjageymslunnar fyrir sand til hálkuvarna, og var því sett upphitun í gólfíð þar sem hitaveita er að koma á flugvallarsvæðið. Þetta hefur í för með sér nokkurn kostnaðarauka. Í árslok var húsið rúmlega fokhelt og hafði þá verið unnið fyrir 22,4 millj. kr. Ráðgert er að framkvæmdum ljúki í júní 1999. Verktaki er Norðurvík ehf., en hönnun var í höndum Benjamíns Magnússonar arkitekts og Teiknistofu Páls Zóphónissonar, Vestmannaeyjum, enda unnið eftir sömu teikningu og á Vestmannaeyjaflugvelli. Eftirlit var í höndum Tækniþjónustunnar ehf., Húsavík.

Verkstaða: Í framkvæmd.

4.7.3 Aðflugs- og flugöryggisbúnaður.

Upptökubúnaður. Þessu verkefni lauk á árinu 1998. Í verkuppgjöri var 0,8 millj. kr. inn eign sem er nýtt til leiðréttingar við verkefnauppgjör á árinu 1998.

Verkstaða: Lokið.

4.8 Sauðárkrókur.

4.8.3 Aðflugs- og flugöryggisbúnaður.

Upptökubúnaður. Þessu verkefni lauk á árinu 1998. Í árslokauppgjöri var 0,8 millj. kr. inneign á þessu verkefni. Þessi inneign er nýtt til leiðréttingar við verkefnauppgjör á sama ári.

Verkstaða: Lokið.

4.9 Bíldudalur.

4.9.1 Flugbrautir og hlöð.

Flugbraut, málun. Þessu verkefni lauk á árinu. Í árslok var 0,1 millj. kr. skuld sem greiðist af liðnum Til leiðréttinga og brýnna verkefna.

Verkstaða: Lokið.

4.9.3 Aðflugs- og flugöryggisbúnaður.

Flugbrautarljós. Framkvæmdum við þetta verkefni lauk á árinu 1998. Fjárveiting af flugmálaáætlun 1998 var 9,0 millj. kr. Eins og áður er getið varð verkefnið Hindranalýsing á Ísa-fjarðarflugvelli mun ódýrara en ráðgert var og var því ákveðið að færa af áætlun þess verkefnis 8,0 millj. kr. yfir á verkefnið Flugbrautarljós á Bíldudalsflugvelli og voru því alls 17,0 millj. kr. til ráðstöfunar.

Jarðvinna var boðin út og samið við lægstbjóðanda, Hrein Bjarnason, verktaka á Bíldudal. Tengi- og lagnavinna var unnin af starfsmönnum Flugmálastjórnar. Raftæknideild Flugmálastjórnar sá um hönnun verksins og eftirlit ásamt umdæmisskrifstofu Flugmálastjórnar á Ísafirði. Við lokauppgjör ársins 1998 var 1,7 millj. kr. skuld á verkefninu. Þessi skuld greiðist af 2,0 millj. kr. framlagi flugmálaáætlunar 1999.

Verkstaða: Lokið.

Varaafli, Selárdal. Þessu verkefni lauk á árinu. Við lokauppgjör var 1,0 millj. kr. inneign sem nýtt var í leiðréttingar við uppgjör verkefna á árinu 1998.

Verkstaða: Lokið.

4.10 Grímsey.

4.10.2 Byggingar.

Flugstöð. Fjárveiting á flugmálaáætlun fyrir árið 1998 var 7,0 millj. kr. til byggingar nýrrar flugstöðvar í Grímsey. Á árinu var unnið fyrir 0,3 millj. kr. vegna undirbúnings fyrir og hönnunar á lítilli flugstöð með flugturni, byggðri úr timbri. Framkvæmdir töfðust, meðal annars vegna hugmynda um að færa flughlaðið nær byggðinni og einnig vegna samninga við Íslandspóst um aðstöðu í flugstöðinni. Byggingarframkvæmdir hefjast því ekki fyrir en á árinu 1999.

Verkstaða: Í framkvæmd.

4.11 Siglufjörður.

4.11.1 Flugbrautir og hlöð.

Bundið slitlag. Þessu verkefni lauk árið 1994. Þá var ólokið samningum milli Siglufjarðarbæjar, Vegagerðarinnar og Flugmálastjórnar um námufrágang í Hólslandi. Því verkefni, ásamt samningum, lauk ekki fyrr en á árinu 1998. Hluttur Flugmálastjórnar varð 0,4 millj. kr. og þar sem engin fjárveiting fékkst á árinu í þessu skyni var skuldin greidd af liðnum Til leiðréttinga og brýnna verkefna.

Verkstaða: Í framkvæmd.

4.12 Þórshöfn.

4.12.1 Flugbrautir og hlöð.

Flugbraut. Á Þórshafnarflugvelli komu fram frostlyftingar á flugbrautinni sem nauðsynlegt var að lagfæra. Unnið var að þessu verkefni á árinu 1998 og þau jarðefni sem skipt var út notuð í gerð öryggissvæða. Unnið var fyrir 8,2 millj. kr. sem greiddar eru af flugmálaáætlun fyrir árið 1999 af liðnum Flugbrautir og hlöð. Óvíst er á þessari stundu hvort gera þurfi meiri lagfæringar.

Verkstaða: Lokið.

4.12.3 Aðflugs- og flugöryggisbúnaður.

Flugbrautarljós. Þessu verkefni lauk árið 1998 að öðru leyti en því að brautarreglar eru til bráðabirða. Ráðgert er að setja nýja regla og ljúka verkefninu árið 2000. Á sama ári voru fengnar að láni 7,0 millj. kr. af verkinu Flugbrautarljós á Akureyri. Í árslok var að auki 5,3 millj. kr. skuld á þessu verki. Skuldin var greidd af liðnum Til leiðréttinga og brýnna verkefna árið 1998. Á árinu 1999 eru 5,0 millj. kr. á flugmálaáætlun sem nýttar verða til að greiða upp skuldina við Akureyrarflugvöll. Þær 2,0 millj. kr. sem þá verða ógreiddar, verða teknar af 6,0 millj. kr. framlagi árið 2000. Eftirstöðvarnar 4,0 millj. kr., verða nýttar til uppsetningar á nýjum brautarreglum og til að ljúka verkinu.

Ljósín voru tekin í notkun á árinu. Raftæknideild Flugmálastjórnar sá um hönnun og eftirlit. Jarðvinna var boðin út en lögstjóðandi féll frá tilboði sínu og var því samið við þann sem bauð næstlægst, Þóri Jónsson, sem er verktaki á Þórshöfn. Umdæmisskrifstofa Flugmálastjórnar á Akureyri hafði eftirlit með jarðvegsframkvæmdunum. Starfsmenn Flugmálastjórnar sáu um lagna- og tengivinnu. Ljósabúnaðurinn var einnig boðinn út og keyptur af lögstjóðanda sem er fyrirtækið ADB í Belgíu.

Verkstaða: Lokið.

4.13 Vopnafjörður.

4.13.1 Flugbrautir og hlöð.

Flugbraut, málun. Þessu verkefni lauk ekki á árinu 1998 og færast því inneign 0,4 millj. kr. til næsta árs.

Verkstaða: Í framkvæmd.

4.14 Hólmavík.

Engar fjárveitingar né framkvæmdir voru á árinu 1998.

4.15 Þingeyri.

4.15.1 Flugbrautir og hlöð.

Flugbraut. Á árinu 1998 var 15,0 millj. kr. framlag á flugmálaáætlun til endurbóta á flugbrautinni á Þingeyri sem er varabjónustuflygvöllur fyrir Ísafjörð. Þá er einnig 15,0 millj. kr. framlag á árinu 1999, samtals 30,0 millj. kr., til þessa verkefnis. Þar sem 15,0 millj. kr. framlag nýtist illa eitt og sér til útboðs á hluta af verkinu var ákveðið að fresta framkvæmdum til ársins 1999, en undirbúningur hófst á árinu 1998.

Verkstaða: Í framkvæmd.

4.16 Gjögur.

4.16.1 Flugbrautir og hlöð.

Flugbraut. Á árinu 1998 var 3,0 millj. kr. framlag á flugmálaáætlun til endurnýjunar malarslitolags á flugbrautinni. Þessu verkefni lauk á árinu. Þá var einnig ákveðið að rétta af halla sem á brautinni var og hafði það í för með sér nokkurn kostnaðarauka. Heildarkostnaður varð 5,1 millj. kr. og verður skuldin greidd af liðnum Til leiðréttinga og brýnna verkefna.

Verkstaða: Lokið.

4.17 Mývatn.

4.17.2 Byggingar.

Farþegaskýli. Á flugmálaáætlun fyrir árið 1998 var 4,0 millj. kr. framlag til endurbóta á farþegaaðstöðu á flugvellinum. Ákveðið var að vinna þetta verkefni í samvinnu við Mýflug sem hefur skrifstofu og aðra aðstöðu í húsinu. Keypt var tilbúið einingahús og flutt á staðinn. Heildarkostnaður í árslok liggur ekki fyrir, en framlag og eignarhluti Flugmálastjórnar verður 4,0 millj. kr. Eftirstöðvar kostnaðar kemur í hlut Mýflugs og verður þeirra eignarhluti.

Verkstaða: Lokið.

4.18 Flugumferðar- og flugleiðsögubúnaður.

Eftirfarandi tafla sýnir sundurliðun framlags á flugmálaáætlun, framkvæmdastöðu og greiðslustöðu í árslok:

Tafla 14. Flugumferðar- og flugleiðsögubúnaður 1998, sundurliðun.

Verkefni	Flugmála- áætlun	Breyting	Til fram- kvæmda	Framkvæmda- kostnaður	Greiðslustaða í árslok
Flugstjórnarmiðstöð	20	20,0	40,0	55,0	-15,0
Upplýsingakerfi	5	10,4	15,4	0,2	15,2
GPS/WAAS/NAAN/ADS/aðflugs- búnaður	15	19,3	34,3	12,4	21,9
Veðurupplýsingakerfi	10		10,0	0,0	10,0
Veðurboði	0	1,2	1,2	1,6	-0,4
Flugprófunarbúnaður	2	-0,6	1,4	0,2	1,2
Rannsóknarverkefni	7		7,0	4,1	2,9
Flugturn í Reykjavík	0			10,0	-10,0
Ýmis verkefni	10	1,4	11,4	9,5	1,9
Samtals	69	51,7	120,7	93,0	27,7

Flugstjórnarmiðstöð. Hér er um að ræða hlutdeild íslenska ríkisins í og framlag til ýmissa framkvæmda og tækjabúnaðar í nýju flugstjórnarmiðstöðinni.

Upplýsingakerfi. Til verkefnisins voru 15,4 millj. kr. til ráðstöfunar á árinu 1998. Ráðgert er að nýta þessa fjármuni til kaupa á hug- og vélbúnaði, til útgáfu á handbók flugmanna og til gerðar aðflugskorta og hönnunar aðflugs. Á árinu 1998 var ráðstafað 0,2 millj. kr., aðallega til skoðunar á þeim kerfum sem í boði voru. Búið er að ákveða að ganga til samninga við Serco í Englandi vegna búnaðar til útgáfu handbókar flugmanna.

Verkstaða: Í framkvæmd.

GPS/WAAS/NAAN/ADS/aðflugsbúnaður. Á árinu 1998 voru 34,3 millj. kr. til ráðstöfunar í þessi verkefni. Í árslok var búið að nýta 12,4 millj. kr. Á þennan lið er færður allur beinn kostnaður við GPS-verkefni á Íslandi, nema vegna víðáttustöðkerfis (WAAS).

Á árinu 1998 hefur aðallega verið lögð áhersla á hönnun og flugprófun GPS-aðflugs. Lokið er við braut 18 á Hornarfjarðarflugvelli. Þá er hönnun lokið í Reykjavík, á Bíldudal, Þórs höfn, Vopnafirði, Sauðárkróki, í Grímsey og Vestmannaeyjum. Flugprófanir á þessum stöðum standa yfir.

Þá er í undirbúningi athugun á notagildi grenndarstöðkerfis (DGPS) til nákvæmnisaðflugs að Akureyrarflugvelli. Kostnaður við kaup á slíkum búnaði er áætlaður 45 millj. kr.

Verkstaða: Í framkvæmd.

Veðurupplýsingakerfi. Til ráðstöfunar voru 10,0 millj. kr. á árinu 1998 í veðurupplýsingakerfi. Þessir fjármunir eru ætlaðir til endurnýjunar á hugbúnaði svonefnds veðurboða sem er nýttur til að senda veðurupplýsingar frá flugvöllum. Ekki hefur farið af stað nein vinna við slíkt, en í gangi er athugun á búnaði frá fyrirtækinu Vaisala í Finnlandi sem safnar saman gögnum frá öllum skynjurum á einum flugvelli. Síðan má dreifa þessum upplýsingum um flugvöllinn og einnig senda veðurathuganir sjálfvirkt.

Búnaðurinn er nú til skoðunar hjá flugumferðarþjónustunni og Veðurstofunni. Efbúnaðurinn kemur vel út er ráðgert að setja slíkan búnað upp til prófunar á Akureyrarflugvelli á árinu 1999.

Verkstaða: Í framkvæmd.

Veðurboði. Frá fyrri árum voru 1,2 millj. kr. til ráðstöfunar í þetta verkefni. Nú hefur verið varið 1,6 millj. kr. til endurnýjunar tölvubúnaðar veðurboða á Akureyrarflugvelli, Vestmannaeyjaflugvelli og Egilsstaðaflugvelli.

Verkstaða: Lokið.

Flugprófunarbúnaður. Á þessum lið er til ráðstöfunar á árinu 1,4 millj. kr. Þá eru enn fremur framlög til verksins á flugmálaáætlun árána 1999 og 2000 að upphæð 15,0 millj. kr.

Verkstaða: Í framkvæmd.

Rannsóknarverkefni. Til ráðstöfunar af flugmálaáætlun árið 1998 voru 7,0 millj. kr. Ráðstafað hefur verið á árinu til ýmissa verkefna 4,1 millj. kr., en þó aðallega til hávaðamælinga í kringum Reykjavíkflugvöll. Framkvæmdaraðili var Verkfræðistofnun Háskólans. Eftirstöðvar, 2,9 millj. kr., færast til ársins 1999 en þá er 8,0 millj. kr. framlag á flugmálaáætlun til rannsóknarverkefna.

Verkstaða: Í framkvæmd.

Ýmis verkefni. Þessum verkefnum, m.a. uppsetningu á vindmælum á Sauðárkróks- og Siglufjarðarflugvöllum, lauk á árinu 1998. Árslokauppgjör sýnir 1,9 millj. kr. inneign. Þessi inneign var notuð til leiðréttinga á verkefnum sem lokið var á árinu 1998.

Verkstaða: Í framkvæmd.

4.19 Annar kostnaður.

Eftirfarandi tafla sýnir hvernig annar kostnaður sundurliðast:

Tafla 15. Annar kostnaður 1998, sundurliðun.

Verkefni	Flugmála- áætlun	Breyting	Til fram- kvæmda	Framkvæmda- kostnaður	Greiðslustaða í árslok
Aðrir flugvelli og landingarstaðir	12	-2,0	10,0	4,4	5,6
Slökkvibúnaður	10		10,0	0,0	10,0
Ýmis búnaður	5		5,0	0,0	5,0
Tækjasjóður	27	3,8	30,8	36,1	-5,3
Til leiðréttinga og brýnna vekefna	20	-20,0	0,0	0,0	0,0
Stjórnunarkostnaður	15	2,5	17,5	14,0	3,5
Ýmis verkefni	0		0,0	0,8	-0,8
Samtals	89	-15,7	73,3	55,3	18,0

Aðrir flugvelli og landingarstaðir. Á þennan lið er færður kostnaður við uppbyggingu og meira viðhalds annarra flugvalla en áætlunarflugvalla. Þessar flugbrautir og landingarstaðir eru í misgóðu ástandi.

Á undanförunum árum hefur átt sér stað veruleg uppbygging á flugvöllum á Selfossi og Bakka í Austur-Landeyjum, enda eru umtalsverðir farþegaflutningar um þessa flugvelli, sérstaklega til og frá Vestmannaeyjum. Á árinu voru stærstu framkvæmdirnar þær að endurnýjað var malarlitlag á flugbrautunum á Stóra-Kroppi og Húsafelli, en það verk annaðist verktafyrirtækið Borgarverk í Borgarnesi. Að öðru leyti dreifðist fjármagn af þessum lið á ýmsa flugvelli og landingarstaði. Í upphafi árs voru 10,0 millj. kr. til ráðstöfunar en unnið var fyrir 4,4 millj. kr. Inneign, 5,6 millj. kr., færast til ársins 1999.

Verkstaða: Lokið.

Slökkvibúnaður. Á árinu 1998 voru 10,0 millj. kr. til ráðstöfunar í kaup á slökkvibúnaði. Sama upphæð er einnig á flugmálaáætlun ársins 1999 og verða þá 20,0 millj. kr. til ráðstöfunar. Slökkvibúnaði á Reykjavíkur- og Akureyrarflugvöllum hefur verið í endurskoðun undanfarið og þá með tilliti til aukinnar samvinnu eða samruna við slökkvilið viðkomandi sveitarfélaga. Þegar þeirri vinnu lýkur verður tekin ákvörðun um hvernig þessu fjármagni verður best varið.

Verkstaða: Í framkvæmd.

Ýmis búnaður. Til ráðstöfunar á þessum lið voru 5,0 millj. kr. sem lánað var í reynd í tækjasjóð og hefur verið lagt til að þessi fjárveiting, ásamt 5,0 millj. kr. framlagi á flugmálaáætlun ársins 1999, verði sameinuð tækjasjóði.

Verkstaða: Í framkvæmd.

Tækjasjóður. Á árinu 1998 var í fyrsta sinn sérstök fjárveiting í tækjasjóð flugvallanna en áður höfðu tækjakaup og fjárveitingar til þeirra verið færðar á viðkomandi flugvöll. Á árinu 1998 voru til ráðstöfunar 30,8 millj. kr. til ýmissa tækjakaupa. Eftir að metið hafði verið hvar þörfin væri mest voru ákveðin eftirfarandi tækjakaup á árinu og þeim ráðstafað til eftirtalinna flugvalla:

Tafla 16. Tækjakaup, sundurliðun.

Staður	Tæki	Kaupverð
Reykjavík	Vörubifreið	5.353
Akureyri	Vörubifreið	5.353
Akureyri	Snjóblásari	16.758
Akureyri	Bremsumælingarbifreið	75
Egilsstaðir	Vörubifreið	5.229
Bíldudalur	Sanddreifari	600
Gjögur	Sanddreifari	600
		33.968

Þær þrjár vörubifreiðar sem keyptar voru eftir útboð eru notaðar, en þó nýlegar og tiltölulega lítið keyrðar. Snjóblásari fyrir Akureyrarflugvöll var einnig keyptur notaður frá Bandaríkjunum eftir að útboð hafði farið fram, enda að miklu leyti nýlega endurbyggður. Þá var keypt notuð Saab-bremsumælingabifreið fyrir Akureyrarflugvöll af Sölu varnarliðseigna, en bifreiðin hafði áður verið á Keflavíkurflugvelli.

Verkstæði Flugmálastjórnar í Reykjavík sá síðan um gagngerar endurbætur á bifreiðinni og bremsumælingabúnaðinum. Kostnaður á árinu 1998 vegna tækjakaupa var 36,1 millj. kr. og er þá innifalinn kostnaður við endurbætur á bremsumælingabifreiðinni og ýmis kostnaður vegna útboða og skoðunar á tækjunum.

Verkstaða: Lokið.

Til leiðréttinga og brýnna verkefna. Þessi liður er notaður til að stemma af uppgjör verkefna ársins 1998. Til ráðstöfunar voru 20 millj. kr.


Fylgiskjal I.

Eftirfarandi tafla og súlurit sýna fjárveitingar til flugmálaframkvæmda frá því að fyrsta þingsályktun um flugmálaáætlun tók gildi árið 1988.

Fjárveitingar til flugmálaframkvæmda 1988–98.

Framreiknað til núvirðis samkvæmt byggingarvísitölu (mars 1999), í þús. kr.

Ár	Fjárhæð	Núvirði
1988	281.500	591.170
1989	272.000	451.834
1990	325.000	448.810
1991	349.000	447.349
1992	374.000	466.645
1993	393.000	486.984
1994	395.000	473.320
1995	355.000	409.487
1996	332.000	372.148
1997	400.000	420.751
1998	415.000	422.728
Samtals	3.891.500	4.991.226



Fylgiskjal II.

Eftirfarandi tafla sýnir hvernig fjárveitingar til einstakra flugvalla skiptast á árunum 1988-1998. Eins og fram kemur hafa fjárveitingar til Egilsstaðaflugvallar verið mestar á þessum árum, eða sem svarar 29,5% af heildarfjárveitingunum.

Fjárveitingar til flugvallaframkvæmda 1988–98.

Framreiknað til núvirðis samkvæmt byggingarvísitölu (mars 1999), í þús. kr.

Staður	1988–91	1992–95	1996	1997	1998	Samtals	Hlutfall
Reykjavík	212.777	59.046	20.179	38.919	29.540	3 60.461	8,8%
Akureyri	113.250	120.206	73.990	74.683	28.521	410.650	10,1%
Vestmannaeyjar	114.993	82.281	19.058	7.363	20.372	244.067	6,0%
Egilsstaðir	522.384	608.790	48.206	6.311	18.335	1.204.026	29,5%
Ísafjörður	87.883	50.156	36.995	32.608	40.745	248.387	6,1%
Hornafjörður	40.844	64.926	11.210	31.556	10.186	158.722	3,9%
Húsavík	42.452	121.752	16.815	10.519	22.409	213.947	5,2%
Sauðárkrókur	61.072	110.766	22.422	6.311	2.037	202.608	5,0%
Patreksfjörður	22.641	46.764	22.422	6.311	0	98.138	2,4%
Bíldudalur	20.406	58.359	0	8.415	9.168	96.348	2,4%
Grimsey	42.005	16.611	3.363	1.052	7.130	70.161	1,7%
Norðfjörður	41.559	8.431	0	0	0	49.990	1,2%
Vopnafjörður	22.194	0	0	31.556	0	53.750	1,3%
Siglufjörður	2.383	42.018	0	0	0	44.401	1,1%
Þórshöfn	79.393	71.101	3.363	7.363	8.149	169.369	4,2%
Hólmavík	52.730	14.121	0	0	0	66.851	1,6%
Gjögur	20.407	19.052	0	0	3.056	42.515	1,0%
Þingeyri	7.596	6.337	0	0	15.279	29.212	0,7%
Raufarhöfn	13.555	4.585	0	0	0	18.140	0,4%
Kópasker	22.640	1.247	0	0	0	23.887	0,6%
Flateyri	19.365	0	0	0	0	19.365	0,5%
Mývatn	0	6.966	16.815	0	4.074	27.855	0,7%
Bakkafjörður	1.191	0	0	0	0	1.191	0,0%
Borgarfjörður eystri	23.684	0	0	0	0	23.684	0,6%
Ólafsfjörður	2.682	0	0	0	0	2.682	0,1%
Breiðdalsvík	14.449	0	0	0	0	14.449	0,4%
Blönduós	14.746	0	0	0	0	14.746	0,4%
Stykkishólmur	5.362	1.247	0	0	0	6.609	0,2%
Rif	34.855	4.991	0	0	0	39.846	1,0%
Aðrir flugvellir	64.200	24.151	6.726	12.622	12.223	119.922	2,9%
Samtals	1.723.698	1.543.904	301.564	275.589	231.224	4.075.979	100,0%

Fylgiskjal III.

Eftirfarandi tafla sýnir heildarfjárveitingar til einstakra flugvalla á árunum 1988–98 ásamt heildarfjarþegaflutningum um flugvellina á sama tíma:

Framkvæmdir á flugvöllum 1988–98 og fjöldi farþega sem fóru um flugvellina sömu ár.
Framreiknað til núvirðis samkvæmt byggingarvísitölu (mars 1999).


Staður	Fjárhæð	Farþegar	Fjárfesting á farþega
Reykjavík	360.461.000	3.715.628	97
Akureyri	410.650.000	1.470.569	279
Vestmannaeyjar	244.067.000	831.836	293
Egilsstaðir	1.204.026.000	594.529	2.025
Ísafjörður	248.387.000	557.682	445
Hornafjörður	158.722.000	183.033	867
Húsavík	213.947.000	159.034	1.345
Sauðárkrókur	202.608.000	136.239	1.487
Patreksfjörður	98.138.000	56.824	1.727
Bíldudalur	96.348.000	65.828	1.464
Grímsey	70.161.000	38.983	1.800
Norðfjörður	49.990.000	31.087	1.608
Vopnafjörður	53.750.000	38.959	1.380
Siglu fjörður	44.401.000	39.611	1.121
Þórshöfn	169.369.000	21.783	7.775
Hólmavík	66.851.000	10.042	6.657
Gjögur	42.515.000	7.905	5.378
Þingeyri	29.212.000	26.031	1.122
Raufarhöfn	18.140.000	9.124	1.988
Kópasker	23.887.000	4.466	5.349
Flateyri	19.365.000	30.741	630
Mývatn	27.855.000	26.127	1.066
Suðureyri	150.000	2.363	63
Bakkafjörður	1.191.000	776	1.535
Borgarfjörður eystri	23.684.000	1.491	15.885
Ólafsfjörður	2.682.000	6.012	446
Breiðdalsvík	14.449.000	3.068	4.710
Fáskrúðsfjörður	150.000	217	691
Blönduós	14.746.000	11.247	1.311
Stykkishólmur	6.609.000	6.647	994
Ríf	39.846.000	14.024	2.841
Samtals	3.956.357.000	8.101.906	488

Fylgiskjal IV.


Farþegaflutningar 1990–98.




Eftirfarandi línurit sýna farþega sem hafa farið um áætlunarflugvöllina á árunum 1990–98 (viðkomufarþegar meðtaldir). Eins og sjá má á línuritunum er mjög mikil aukning farþegaflutninga um stærri flugvöllina á kostnað hinna minni. Þannig fóru á árinu 1998 91% af heildarfarþegaflutningunum um fimm stærstu áætlunarflugvöllina, þ.e. Reykjavíkur-, Akureyrar-, Vestmannaeyja-, Egilsstaða-, og Ísafjarðarflugvelli.

Reykjavík




Akureyri




Vestmannaeyjar.**Egilsstaðir.****Ísafjörður.**


Hornafjörður.






Húsavík.




Sauðárkrúkur.




Bíldudalur**Siglufjörður****Grímsey**


Mývatn




Vopnafjörður




Þórshöfn



Patreksfjörður



Pingeyri



Gjögur

